

REGLUGERÐ

um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 56. gr. laga nr. 129/1997, gildir um lífeyrissjóði og vörsluaðila séreignarsparnaðar sem starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

Viðbótartryggingarvernd: Sú tryggingarvernd sem er umfram þá lágmarkstryggingarvernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu iðgjalds samkvæmt sérstökum samningi.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar: Þeir aðilar sem heimild hafa skv. 8. gr. laga nr. 129/1997 til að stunda starfsemi skv. II. kafla þeirra laga og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd.

II. KAFLI

Form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða vegna samtryggingardeilda.

3. gr.

Mótun fjárfestingarstefnu.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fē sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Með fjárfestingarstefnu í reglugerð þessari er átt við markmið um eignasamsetningu lífeyrissjóðs. Fjárfestingarstefnu skal gera árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 3. gr., en hún getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð.

4. gr.

Form og efni fjárfestingarstefnu.

Í fjárfestingarstefnunni skulu koma fram þær forsendur sem stjórn lífeyrissjóðsins byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um áhrif lífeyrisþyrðar, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamsetningar á fjárfestingarstefnuna. Sé lífeyrissjóður með fleiri en eina samtryggingardeild skal gera grein fyrir þessum atriðum fyrir hverja deild.

Nú eru forsendur skv. 1. mgr. mismunandi fyrir hverja samtryggingardeild í deildaskiptum lífeyrissjóði og skal þá setja sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir viðkomandi deildir.

5. gr.

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóð skal að lágmarki byggja á tegundaflokkun innlána og verðbréfa samanber fylgiskjal I með reglugerð þessari.

Auk ofangreindra upplýsinga skal fjárfestingarstefnan kveða á um eftirfarandi atriði:

- Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu. Taka skal fram ef mælikvarði sjóðsins á áhættu verðbréfa er annar en flökt ávöxtunar. Noti sjóðurinn vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar skulu þær koma fram.
- Viðmið um notkun afleiða.

- c) Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Gildi sérstakar takmarkanir að þessu leyti fyrir einstaka tegundaflokka innlána og verðbréfa skal það koma fram.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði/fjárfestingarsjóði eða deild þeirra.
- f) Hámarksfjárfesting í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags.
- g) Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa. Einnig skulu koma fram reglur sjóðsins um veðsetningarhlutföll og veðandlöög.
- h) Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn.
- i) Hlutfall eigna í virkri stýringu.
- j) Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka.
- k) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns.
- l) Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns.

6. gr.

Fjárfestingarstefnan skal dagsett og undirrituð af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Lífeyrissjóðir skulu eigi síðar en 1. desember ár hvert senda fjárfestingarstefnu sína fyrir næstkomandi ár til Fjármálaeftirlitsins til samþykktar.

Fjárfestingarstefnan skal fylgja með ársreikningi lífeyrissjóða.

III. KAFLI

Form og efni fjárfestingarstefnu vörlslaðila séreignarsparnaðar.

7. gr.

Mótun fjárfestingarstefnu.

Stjórn vörlslaðila séreignarsparnaðar skal móta fjárfestingarstefnu fyrir hverja fjárfestingarleið þar sem fjárfestingar, aðrar en innlásreikningar, eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Með fjárfestingarstefnu í reglugerð þessari er átt við markmið um eignasamsetningu séreignarsparnaðar. Fjárfestingarstefnu skal gera árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 7. gr., en hún getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð.

8. gr.

Form og efni fjárfestingarstefnu.

Í fjárfestingarstefnunni skulu koma fram þær forsendur sem stjórn vörlslaðila byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um þann áhættuþátt sem fylgir því að sjóðfélagar geti flutt inneign sína til annarra vörlslaðila séreignarsparnaðar, lífeyrisbyrðar og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamsetningar á fjárfestingarstefnuna. Sé séreignarsparnaðinum skipt í fleiri en eina fjárfestingarleið skal gera grein fyrir þessum atriðum fyrir hverja fjárfestingarleið.

Nú eru forsendur skv. 1. mgr. mismunandi fyrir hverja fjárfestingarleið hjá vörlslaðila og skal þá setja sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir viðkomandi fjárfestingarleiðir.

9. gr.

Fjárfestingarstefna vörlslaðila séreignarsparnaðar skal að lágmarki byggja á tegundaflokkun innlána og verðbréfa samanber fylgiskjal I með reglugerð þessari.

Auk ofangreindra upplýsinga skal fjárfestingarstefnan kveða á um eftirfarandi atriði:

- a) Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu. Taka skal fram ef mælikvarði á áhættu verðbréfa er annar en flökt ávöxtunar. Ef vísítölur eru notaðar til viðmiðunar um árangur ávöxtunar skulu þær koma fram.
- b) Viðmið um notkun afleiða. Liggi fyrir heimild til notkunar á afleiðum til annars en til að draga úr áhættu skal það koma sérstaklega fram.

- c) Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Gildi sérstakar takmarkanir að þessu leyti fyrir einstaka tegundaflokka innlána og verðbréfa skal það koma fram.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði/fjárfestingarsjóði eða deild þeirra.
- f) Hámarksfjárfesting í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags.
- g) Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa. Einnig skulu koma fram reglur sjóðsins um veðsetningarhlutföll eða veðandlög.
- h) Hlutfall eigna í virkri stýringu.
- i) Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka.
- j) Markmið um hlutfall lausafjár.
- k) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns.
- l) Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns.

10. gr.

Fjárfestingarstefnan skal dagsett og undirrituð af stjórn vörluaðila séreignarsparnaðar og ábyrgðaráðila lífeyrismála hjá vörluaðila. Vörluaðilar séreignarsparnaðar skulu eigi síðar en 1. desember ár hvert senda fjárfestingarstefnu sína fyrir næskomandi ár til Fjármálaeftirlitsins til samþykktar.

**IV. KAFLI
Form og efni úttektar á ávöxtun.**

11. gr.

Úttekt á ávöxtun eignasafna lífeyrissjóða og vörluaðila séreignarsparnaðar síðasta árs skal skilað til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Úttektin skal að lágmarki sýna ávöxtun þeirra eignasafna sem fram koma í fylgiskjali II. Gera skal grein fyrir úttekt á ávöxtun eignasafna fyrir hverja deild/fjárfestingarleið.

Í úttektinni skal koma fram hvaða aðferðir eru notaðar við útreikninga á ávöxtun.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
12. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. nóvember 2009.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Haraldur Steinþórsson.

Fylgiskjal I.

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. og 36. gr. a. laga nr. 129/1997.
Markmið um samsetningu eigna.

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lifeyris*	I Markmið um eigna- samsetningu	II <i>Víkmörk**</i>	Nýverandi eigna- samsetning	III			IV <i>Víkmörk</i>	V Óskráð verðbref	VI <i>Víkmörk</i>
				Gengisbundin verðbref	Hámark skv. samþykktum***	Gengisbundin verðbref			
Imlan í bönkum og sparsjóðum									
Rikisvíxlar, rikisskuldbref og skuldabref með ábyrgð ríkisjóðs									
Skuldabref þejar- og svettarfélaga									
Skuldabref og víxlar banka, sparsjóða og annarra láanastofhana									
Fasteignaveðryggð skuldabref									
Hlutabref									
Hlutur og hlutdeildarskríteiní annarra sjóða um sam. fjárf.									
Önnur verðbref									
Samtals:									
<i>Hámark samkvæmt samþykktum:</i>									

* Í hlutfalli af eign vörlaðila séreignarsparnaðar, annarra en lifeyrissjóða.

** Víkmörk þyða hámarks- og lagmarksjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark skv. lögum fyrir vörluaðla séreignarsparnaðar, annarra en lifeyrissjóða.

Fylgiskjal II.**Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna.**

	<i>Ávöxtun</i>	<i>MarkmiðViðmið</i>
Innlán í bönkum og sparijóðum		%
Ríkisvíxlar, ríkiskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs		%
Skuldabréf þejar- og sveitarfélaga		%
Skuldabréf og víxlar banka, sparijóða og annarra lánastofinana		%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf		%
Hlutabréf		%
Hlutir og hlutideildarskíteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu		%
Önnur verðbréf		%
Gengisbundin verðbréf		%
Samtals:	%	%